1863. 28. febrúarm. gjört, og að senda síðan lagafrumvarpið hingað, eptir að búið er að bera það undir álit synódusar.

Að endingu lætur stjórnarráðið hèr með fylgja annað eptirritið, er þèr hingað senduð, af brauðamatsgjörðinni frá 1853, til þess það verði aukið og lagað, og eruð þèr beðnir að senda það hingað aptur að því búnu.

---

28. febrúarm. **17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán til að setja upp girðing við Orfirisey.**

Í bænarskrá, er hingað barst með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 10. októberm. f. á., hefir Árni Thorsteinsson, landfógeti og bæjarfógeti í Reykjavík, sótt um að fá að láni úr ríkissjóði allt að 120 rdl. til að koma upp fyrir fè þetta girðing, er geti verið til varnar á Orfirisey (*Effersey*), sem landfógetanum er fengin til afnota, með þeim kjörum, að skuldin hvíli á embættinu og gjaldist af henni 6 af hundraði á ári í 28 ár samfleytt í vöxtu og borgun höfuðstólsins.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, að lán það, sem hèr er um sótt, eigi getur fengizt úr ríkissjóðnum, en eptir atvikum málsins sè ekkert því til fyrirstöðu frá stjórnarráðsins hálfu, að beiðandinn, ef hann á einhvern annan hátt getur útvegað fè þetta, taki lán upp á embættið í áður greindum tilgangi, og fari það eigi fram yfir 120 rdl., með þeim skilmálum, að hann og eptirmenn hans í embættinu greiði af því vöxtu og borgi höfuðstólinn á þann hátt, sem fyr er sagt; og ber honum þá, þegar þar að kemur, að gjöra grein fyrir, að fènu hafi verið rètt varið; svo á og landfógetinn að vera skyldur að viðhalda girðingunni.

---